

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Reynir Karlsson <juliasi62@simnet.is>
Sent: þriðjudagur, 4. febrúar 2020 09:51
Til: Jón Prándur Stefánsson
Efni: Byggðakvóti

Undirritaður mótmælir afgreiðslu Bæjarráðs á fundi þann 21. janúar. Í 3. dagskrárlið var ekki lagt til að hámark væri sett á einstaka báta, sem leiðir væntanlega til þess að stór hluti byggðakvótans fari til Rammans, sem er eitt kvótahæsta fyrirtæki landsins.

Ég vil vekja athygli Bæjarráðs á því að ný fiskvinnsla er að hefja starfsemi í bænum. Verið er að ljúka við nýbyggingu, sem mun leiða til þess að grásleppan verður fullunnin eins og verið hefur, auk þess ætlar þessi fiskverkun að vinna bolfisk, með byggðakvóta í huga meðal annars.

Markmið byggðakvótans er það að skapa störf í landi við fiskvinnslu í því bæjarfélagi sem byggðakvótanum er úthlutað til. Með því að nýtt fyrirtæki með bolfiskvinnslu hefji starfsemi, þá skapast aðstæður til þess að landa þessum afla í heimabyggð. Þetta leiðir þá til þess að útgerðarmenn á Siglufirði geta landað fiski til byggðakvóta ólíkt því sem hægt er í dag. Í dag er einungis einn aðili í Ólafsfirði sem tekur á móti bolfisk en býður ekki bankaábyrgð sem tryggingu eins og krafist er hjá Fiskmarkaði. Þetta gerir það að verkum að menn þora ekki að leggja upp hjá slíkum aðila.

Undirritaður skorar á Bæjarráð að setja hámark á einstaka báta, t.d 25-30 tonn, þannig að fiskvinnsla og útgerð smábáta verði elfd í stað þess að byggðakvótinn verði færður að langmestu leiti til eins af kvótahæsta fyrirtækji landsins.

Siglufirði 3.2. 2020

Reynir Karlsson